



Alþingi
Erindi nr. P 127/1011
komudagur 5. 3. 2002

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvísun

4. mars 2002

HJ/01.1

Tilv. 2002020153

Efni: Umsögn um 126. mál

Með bréfi dagsettu 27. febrúar 2002 óskar háttvirt Allsherjarnefnd umsagnar ÁTVR um framvarp um viðvörunarmerki á umbúðum áfengis.

ÁTVR kaupir allt áfengi af innlendum birgjum. Verði frumvarp það, sem hér um ræðir, samþykkt, mun ÁTVR breyta innkaupareglum sínu á þann veg, að vara yrði að vera merkt með lögbundnum varnaðarorðum, þegar hún bærir ÁTVR. Kostnaður við merkingu vöru mun því til að byrja með lenda á birgjum eða framleiðendum.

Skyllt er að vekja athygli háttvirtrar Allsherjarnefndar á þeim kostnaði og því óöryggi í vörumeðferð, sem sérstök auðkenni fyrir íslenskan markað, hafa í för með sér. Markaður hér er mjög lítill í samanburði við þann markað, sem erlendir framleiðendur byggja afkomu sín á. Meðan lögbundið var, að allar umbúðir áfengis skyldu merktar ÁTVR, urðu títt tafir á afhendingu vöru erlendis frá vegna þessara krafna. Þetta varð sérstaklega áberandi eftir að bjórinn kom til sögu og taka þurfti tillit til íslenskra sérþarfa á framleiðslustigi dósa. Oft bar þá svo við að varan kom ómerkt og varð ÁTVR úr að bæta. Sum fyrirtæki höfnuðu viðskipum yrðu þau að merkja umbúir sérstaklega. Væri vara þeirra þrátt fyrir þessa afstöðu talin eftirsóknarverð, varð ÁTVR úr að leysa.

Vara sú, er ÁTVR selur, á uppruna sinn i mörgum löndum og kemur frá fjölmörgum framleiðendum. Öruggt má telja að íslenskir birgjar yrðu oft að merkja vöruna sjálfir til að gera hana markaðshæfa. Á ári hverju selur ÁTVR um 28 milljónir sölueininga svo líkur eru á að kalla þyrfti fjölmenni til starfa, þótt aðeins þyrfti að merkja lítinn hluta þessa magns. Kostnaði af merkinu yrði vafalítið bætt við vöruverðið.

Sú hlið þessa máls, sem fyrst og fremst snýr að ÁTVR, er það óöryggi í vörumeðferð, sem samfara er álímingu aðvörunarmiða á erlenda vöru hér á landi. Opna þarf kassa og taka upp sölueiningar til að koma merki á með sómasamlegum hætti. Ytri umbúðir sem einu sinni hafa verið rofnar, þegar þær berast birgðastöð ÁTVR, þykja svo tortryggilegar, að þær eru að jafnaði rofnar aftur og í þeim talið. Það sama gildir i verslunum. Við móttöku frá birgðastöð

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX 560 7757


www.atvr.is • atvr@atvr.is



er talið í kössum, hafi þeir einu sinni verið opnaðir.

Umsögn þessa má á engan hátt skilja svo að ÁTVR sé andvígt þeim tilgangi, sem ætlað er að ná með aðvörunarmiðum. Með vísan til þess kostnaðar og óþæginda, sem sérstakar merkingar hafa í för með sér, ætti að meta sérstaklega, hvort þeim boðskap, sem á merkimiða er skráður, verði ekki komið á framfæri við barnshafandi konur og ökumenn með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins


Höskuldur Jónsson